



## AÐALSKIPULAG FLÓAHREPPS 2017-2029

Hnaus / Hnaus 2

Breyting á frístundabyggðar yfir í landbúnaðarsvæði

*Skipulagslýsing*

06.07.2022



## EFNISYFIRLIT

<b>1</b>	<b>INNGANGUR</b>	<b>3</b>
<b>1.1</b>	<b>Skipulagslýsing</b>	<b>3</b>
<b>2</b>	<b>FORSENDUR OG STAÐHÆTTIR</b>	<b>3</b>
<b>2.1</b>	<b>Tengsl við aðrar áætlanir</b>	<b>4</b>
2.1.1	Landsskipulagsstefna 2015-2026	4
2.1.2	Aðalskipulag Flóahrepps 2017-2029	4
2.1.3	Deiliskipulag	5
2.1.4	Minjar	5
<b>3</b>	<b>BREYTING Á AÐALSKIPULAGI</b>	<b>6</b>
<b>4</b>	<b>UMHVERFISÁHRIF</b>	<b>6</b>
<b>4.1</b>	<b>Tengsl við aðrar áætlanir</b>	<b>6</b>
<b>4.2</b>	<b>Umhverfismat</b>	<b>6</b>
<b>4.3</b>	<b>Valkostir</b>	<b>6</b>
<b>4.4</b>	<b>Umhverfispættir og áherslur</b>	<b>7</b>
<b>5</b>	<b>KYNNING OG SAMRÁÐ</b>	<b>7</b>

HÖFUNDUR	RÝNI	VERKNR.
BRE	ÁJ	4670-010-11



## 1 INNGANGUR

Hér er sett fram skipulagslýsing fyrir breytingu á Aðalskipulagi Flóahrepps 2017-2029. Gildandi aðalskipulag var samþykkt í desember 2018 m.s.br.

Breytingin nær til frístundasvæða F16 og F16D, sem skilgreint verður sem landbúnaðarland og mun eftir atvikum hafa áhrif á skógræktar- og landgræðslusvæði, SL6. Um er að ræða svæði sem tilheyra lóðunum Hnaus (L166347), Hnaus lóð (L178934), Hnaus lóð (L17893), Hnaus land 1 (L213872) og Mosató 4 (L230715).

Ekkert deiliskipulag er í gildi fyrir svæðið, að því undanskildu að lóð F16D, Mosató 4 (L230715) er innan deiliskipulags fyrir Hnaus II, (m.s.br.) auglýst í B-stjórnartíðindum dags. 27.02.2017. Unnið verður að deiliskipulagsbreytingu fyrir Mosató 4 (L230715), verði þörf á breytingu þess.

### 1.1 Skipulagslýsing

Gerð skipulagslýsingar er ætlað að tryggja aðkomu almennings og hagsmunaaðila að skipulagsferlinu á fyrstu stígi þess, auka gagnsæi, tryggja betra upplýsingaflæði, skila betri og markvissari skipulagsvinnu og gefa sveitarstjórn og öðrum sem koma að ferlinu betri yfirsýn allt frá fyrstu skrefum.

Samkvæmt 1. mgr. 30. gr. skipulagslaga nr. 123/2010 skal sveitarstjórn taka saman lýsingu á skipulagsverkefni. Í lýsingu skal koma fram hvaða áherslur sveitarstjórn hafi við aðalskipulagsgerðina, upplýsingar um forsendur, fyrirliggjandi stefnu og fyrirhugað skipulagsferli svo sem um kynningu og samráð við skipulagsgerðina gagnvart íbúum sveitarfélagsins og öðrum hagsmunaaðilum. Leita skal umsagnar um lýsingu hjá Skipulagsstofnun og umsagnaraðilum og kynna hana fyrir almenningi. Samkvæmt gr. 4.2.2. í skipulagsreglugerð nr. 90/2013 skal sameina gerð skipulagslýsingar og matslýsingar um umfang og áherslur í umhverfismati aðalskipulagsins sbr. lög nr. 111/2021 um umhverfismat framkvæmda og áætlaða þegar það á við.

Með skipulags- og matslýsingu þessari er íbúum og öðrum hagsmunaaðilum gefinn kostur á að koma með ábendingar og athugasemdir sem snúa að málefnum aðalskipulagsbreytingarinnar.

## 2 FORSENDUR OG STAÐHÆTTIR

Landeigandi óskar eftir að frístundalóðir, sem stofnaðar voru úr landi Hnauss og Hnauss 2 verði skilgreindar sem landbúnaðarsvæði.

Skipulagssvæðið er staðsett sunnan við Suðurlandsveg með aðkomu af Hnausvegi. Í gegnum tíðina hefur svæðið verið nýtt undir frístundabúskap, hestamennsku og skógrækt. Svæðið er vel gróið enda mikið um skógrækt í kring, m.a. með furu, greni, ösp og reynivið.

Eitt frístundahús hefur verið byggt á nyrstu lóðinni en það kemur til með að falla undir heimildir fyrir frístundahús á landbúnaðarlandi.



## 2.1 Tengsl við aðrar áætlanir

### 2.1.1 Landsskipulagsstefna 2015-2026

Um sjálfbæra nýtingu landbúnaðarlands segir:

„Skipulag landnotkunar stuðli að möguleikum á fjölbreyttri og hagkvæmri nýtingu landbúnaðarlands í sátt við umhverfið“

Um skipulag landbúnaðarlands segir:

„Í aðalskipulagi byggist skipulagsákvæðanir um ráðstöfun lands í dreifbýli til landbúnaðar og annarra nýtingar á flokkun landbúnaðarlands. Land sem hentar vel til ræktunar verði almennt ekki ráðstafað til annarra nota með óafturkræfum gætti. Val á svæðum til skógræktar og stefnu um þau taki mið af því að skógrækt falli vel að landi og að eftir því sem við á séu samþætt sjónarmið skógræktar, annars landbúnaðar og útivistar“


Aðalskipulagsbreytingin samræmist Landsskipulagsstefnu að því leiti að verið er að viðhalda landbúnaðarlandi og skapa hagstæð skilyrði fyrir áframhaldandi skógrækt, sem fyrir er mikil á svæðinu.

### 2.1.2 Aðalskipulag Flóahrepps 2017-2029

Aðalskipulag Flóahrepps 2017-2029 var staðfest í lok árs 2018.

Í gildandi skipulagi eru svæðin skilgreind sem frístundabyggð. F16 í landi Hnaus er um 14 ha að stærð og á því hefur verið reist eitt hús. AF16D var stofnað út úr landi Hnauss 2 og er óbyggt. Með breytingunni verða svæðin skilgreind sem landbúnaðarsvæði, en markmið sveitarfélagsins er varðar slík svæðu eru eftirfarandi:

- Gott landbúnaðarland (flokkur I og II) verði áfram nýtt til landbúnaðar, einkum matvælaframleiðslu.
- Flokkun landbúnaðarlands verði lögð til grundvallar skipulagsákvörðunum um nýtingu landbúnaðarlands.
- Landbúnaður verði áfram stundaður á bíjörðum, með eðlilegum þróunarmöguleikum ýmissa atvinnugreina sem henta á slíkum svæðum.
- Landbúnaður verði eflur sem atvinnugrein og leitað leiða til uppbyggingar stoðgreina hans.
- Áfram verði lög áhersla á að ásýnd bíjarða og mannvirkja styðji við jákvæða ímynd íslensk landbúnaðar.
- Áfram verði stuðlað að eðlilegri sambúð landbúnaðar og annarrar byggðar.
- Skógrækt verði eflur til viðurframleiðslu, útivistar, skjóls og landbóta en jafnframt verði forðast að setja gott akuryrkjaland undir samfellda skógrækt.
- Landnýting sé í sátt við náttúruna og misbjóði henni ekki með ofbeit, mengun eða á annan hátt.



**MYND 1.** Gildandi aðalskipulag í landi Hnauss og Hnauss 2. Svæðið er innan rauða hringins.

Aðalskipulagsbreytingin samræmist stefnu gildandi aðalskipulags þar sem unnið er að því að halda samfelldu í landbúnaðarlandi.

### 2.1.3 Deiliskipulag

Á hluta svæðisins (F16D) er í gildi deiliskipulag hótels og frístundabyggðar Hnaus II. Unnin verður breyting deiliskipulags, verði þess þörf, þar sem heimiluð verður bygging í samræmi við heimildir á landbúnaðarlandi

### 2.1.4 Minjar

Aðalskráning fornleifa í Flóahreppi er lokið. Engar þekktar minjar eru innan svæðanna sem breytingum tekur.



Ef fram koma áður óþekktar fornleifar á framkvæmdartíma, sbr. 24. gr. laga um menningarminjar nr. 80/2012, verður þegar haft samband við Minjastofnun Íslands og framkvæmd stöðvuð uns fengin er ákvörðun Minjastofnunar um hvort halda megi áfram og með hvaða skilmálum.

### 3 BREYTING Á AÐALSKIPULAGI

Breyting er gerð á uppdrætti og greinagerð aðalskipulags þar sem frístundasvæðin F16 of F16D verða skilgreind sem landbúnaðarland. Skoðað verður hvort hluti SL6 svæðis breytist yfir í landbúnaðarland. Gerð verður breyting á uppdrætti og greinargerð.

### 4 UMHVERFISÁHRIF

Aðalskipulagsbreytingin fellur ekki undir lög um umhverfismat áætlana nr. 111/2021, þar sem ekki er mörkuð stefna er varðar leyfisveitingar til framkvæmda. Gerð verður grein fyrir áhrifum aðalskipulagsbreytingarinnar á umhverfi í samræmi við 5. mgr. 12. gr. skipulagslaga. Í skipulagsgerð er mat á áhrifum aðalskipulagsbreytingarinnar mikilvægt og nýtist m.a. til að bregðast við hugsanlegum neikvæðum umhverfisáhrifum með breytingu á stefnu eða mótun á mótvægisáðgerðum. Mat á áhrifum mun byggja á fyrirliggjandi upplýsingum um grunnástand umhverfis.

#### 4.1 Tengsl við aðrar áætlanir

Í umhverfisskýrslu fyrir breytinguna verður gerð grein fyrir tengslum og samræmi við aðrar áætlanir og stefnur í samræmi við lög um umhverfismat framkvæmda og áætlana. Helstu stefnur og áætlanir má sjá í kafla 2.4.

#### 4.2 Umhverfismat

Matsvinnan fer fram samhliða vinnslu við gerð greinargerðar og uppdráttu til að stuðla að því að umhverfissjónarmið séu ávallt uppi við mótun tillögu að breyttu aðalskipulagi.

Í skipulagsgerð er umhverfismat áætlana jafnframt mikilvægt til að tryggja samræmi á milli stefnumiða í mismunandi málaflokkum skipulagsins og tryggja að umhverfismarkmiðum sveitarfélagsins sé haldið á lofti í skipulagsgerðinni. Niðurstaða umhverfismatsins nýtist því til að bregðast við hugsanlega neikvæðum umhverfisáhrifum með breytingu á stefnu eða mótun á mótvægisáðgerðum. Umhverfismatið mun byggja á fyrirliggjandi upplýsingum um grunnástand umhverfis.

#### 4.3 Valkostir

Breyting á aðalskipulagi verður borin saman við núverandi ástand, núll kost.



#### 4.4 Umhverfispættir og áherslur

Í umhverfisskýrslu með aðalskipulagsbreytingunni/aðalskipulagsbreytingunum verða skoðuð áhrif á þá umhverfispætti sem tilgreindir eru í töflu 2 og þeir metnir í samræmi við stefnuskjöl og viðmið. Yfirlit yfir meginspurningar í umhverfisskýrslu er að finna í töflu 2. Viðmið fyrir hvern umhverfispátt eru sett með tilliti til laga og reglugerða, stefnuskjala sveitarfélagsins auk viðmiða í opinberum stefnuskjöllum og/eða alþjóðlegum skuldbindingum.

Framsetning á niðurstöðu matsins verður í formi greinargerðar og/eða yfirlitstöflu.

**TAFLA 2.** Umhverfispættir og helstu matsspurningar.

UMHVERFISPÆTTIR	VIÐMIÐ	MATSSPURNINGAR
Loft	Aðgerðaáætlun í loftslagsmálum. Stefna í aðalskipulagi.	Losun gróðurhúsalofttegunda og binding kolefnis.
Gróður og dýralíf	Vistgerðakortlagning Náttúrufræðistofnunar.	Áhrif á gróður og dýralíf.
Ásýnd og landslag	Landskipulagsstefna 2015-2026	Áhrif á ásýnd og landslag.
Samfélag	Stefna í aðalskipulagi. Landsskipulagsstefna 2015-2026.	Áhrif á atvinnulíf. Áhrifum á ferðamennsku og styrkingu byggðar.
Minjar og verndarsvæði	Stefna í aðalskipulagi. Aðalskráning fornminja. Náttúruminjaskrá.	Áhrif á náttúruminjar, fornminjar og verndarsvæði.
Heilsa og öryggi	Stefna í aðalskipulagi Landsskipulagsstefna 2015 – 2026	Náttúruvá. Umferðaröryggi. Útivistamöguleikar.

## 5 KYNNING OG SAMRÁÐ

Með kynningu skipulagslýsingar þessarar er umsagnaraðilum, hagsmunaaðilum og almenningi gefinn kostur á að leggja fram sjónarmið og ábendingar sem að gagni gætu komið. Jafnframt er óskað samráðs við Skipulagsstofnun um umfang og áherslur við mat á umhverfisáhrifum.

Skipulags- og matslýsing verður kynnt með auglýsingu í blöðum/dreifiritum og á vefsíðu Umhverfis- og tæknisviðs Uppsveita Árnassýslu <http://www.utu.is> og á heimasíðu sveitarfélagsins <http://www.skeidgnup.is>. Einnig verður skipulagslýsing aðgengileg á skrifstofu skipulagsfulltrúa Dalbraut 12, Laugarvatni.

Ábendingar skulu vera skriflegar og berast skrifstofu sveitarfélagsins eða á skrifstofu skipulagsfulltrúa, fyrir auglýstan tímafrest. Samhliða verður leitað verður eftir umsögnum frá helstu umsagnaraðilum s.s. Skipulagsstofnun og Heilbrigðiseftirlit Suðurlands.

Aðalskipulagsbreytingin verður unnin og kynnt skv. 30-32. gr. skipulagslaga nr. 123/2010. Á vinnslutíma mun aðalskipulagsbreytingin og deiliskipulagið verða kynnt bæði íbúum/almenningi og hagsmunaaðilum.